



# Alþjóðastofnanir

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Febrúar 2018



RÍKISENDURSKOÐUN

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Fjárheimildir og rekstur .....	4
3.1	Fjárheimildir .....	4
3.2	Rekstraráætlun.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur .....	5
4.2	Umfjöllun .....	5
4.2.1	Eftirlitsumhverfi .....	5
4.2.2	Verklagsreglur .....	5
5	Fylgni við lög og reglur.....	6
5.1	Inngangur .....	6
5.2	Umfjöllun .....	6
5.2.1	110 - Sameinuðu þjóðirnar, UN .....	6
5.2.2	115 - Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA .....	6
5.2.3	140 - Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD .....	6
5.2.4	141 - Atlantshafsbandalagið, NATO.....	7
5.2.5	170 - Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.....	7
5.2.6	172 - EFTA-dómstóllinn.....	7
5.2.7	173 - Uppbyggingarsjóður EES.....	7
5.2.8	185 - Alþjóðleg friðargæsla.....	8
5.3	Niðurstöður .....	8
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	9
6.1	Niðurstöður/ábendingar .....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1	Eignir .....	10
7.1.1	Ríkissjóður.....	10
7.2	Skuldir .....	10
7.2.1	Skammtímaskuldir .....	10
8	Önnur atriði .....	11
8.1	Samþykkt ársreiknings .....	11
8.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	11
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	11
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	11

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Alþjóðastofnana, fjárlagaliðar 03-401, fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur fjárlagaliðarins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættumat ásamt almennum greiningaraðgerðum og gagnaendurskoðun.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Fjárlagaliðurinn var síðast endurskoðaður vegna ársins 2014. Ekki komu fram ábendingar eða athugasemdir við þá endurskoðun.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun fjárlagaliðar 03-401, Alþjóðastofnanir fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda. Fylgt er þeim lögum og reglum sem almennt gilda og um fjárreiður ríkisins og bókhald.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Hlutverk fjárlagaliðarins er að halda utan um greiðslur til alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að og hefur skuldbundið sig til að inna af hendi.

Framlög á fjárlögum námu 2,01 ma.kr. Ekki var um neinar aukafjárveitingar að ræða. Fjárheimild var því óbreytt. Greiðslur til erlendra stofnana (þ.e. tilfærslur) námu rúmlega 1,7 ma.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Önnur rekstrargjöld	0	0	916	-916	1.105
Tilfærslur	2.010.000	2.010.000	1.730.524	279.476	2.446.264
<b>Samtals</b>	2.010.000	2.010.000	1.731.439	278.561	2.447.369

### 3.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra), og er reglulega fylgst með því að tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstrarafgangur nam 279 m.kr. Meginskýringarnar á rekstrarafgangi ársins 2016 eru breytingar á gengisforsendum með hækkun á gengi íslensku krónunnar umfram þær forsundur sem voru til staðar þegar rekstraráætlunin var gerð.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Utanríkisráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits þessa fjárlagaliðar. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

### 4.2 Umfjöllun

#### 4.2.1 Eftirlitsumhverfi

Fjárlagaliðurinn 03-401 Alþjóðastofnanir heyrir undir utanríkisráðuneyti og er hluti af utanríkisþjónustunni. Ráðuneytið hefur fastmótað starfsskipulag og skipurit. Ráðuneytið er með skriflegar verklagsreglur sem koma fram í fyrirmæla- og leiðbeiningabók. Umsjón og ábyrgð með bókhaldi og starfsmannahaldi er vel skilgreind og afmörkuð. Fjárhagskerfi ríkisins (Orri) eru notuð fyrir bókhalds- og launavinnslu. Enn fremur er fjárlagaliðurinn í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

#### 4.2.2 Verklagsreglur

Aðgreining starfa er þannig háttáð að einn ákveðinn aðili hjá utanríkisþjónustunni er ábyrgur fyrir sérhverju fjárlagaviðfangsefni sem í þessu tilviki er tilfærsla til alþjóðastofnunar. Forsendur fyrir greiðslu framlagsins geta verið margvíslegar t.d. alþjóðasamningur eða formleg aðild að erlendu samstarfi t.d. NATO. Utanríkisráðuneyti notar sérstakt form fyrir erlend framlög þar sem fram koma ýmsar skýringar og tilvísun í erlenda beiðni. Starfsmaður á rekstrar- og þjónustusviði staðfestir skjalið ásamt staðfestingu ríkisfjárhirslu til greiðslu og bókuunar hjá Fjársýslu ríkisins.

Eftirfylgni með verkefnum er í höndum utanríkisþjónustunnar.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, rekstrarverkefni og starfsvenjur og þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

### 5.2 Umfjöllun

Markmiðið með skoðuninni er að staðfesta að rekstrargjöld hafi verið rétt miðað við lagafyrirmæli, samninga og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Eftirtaldir átta liðir af 16 verkefnum fjárlagaliðarins voru valdir sérstaklega til skoðunar og staðfestingar vegna ársins 2016:

- ✓ 110 - Sameinuðu þjóðirnar, UN
- ✓ 115 - Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA
- ✓ 140 - Efnahagssamvinnu- og þróunarstofn., OECD
- ✓ 141 - Atlantshafsbandalagið, NATO
- ✓ 170 - Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA
- ✓ 172 - EFTA-dómstóllinn
- ✓ 173 - Uppbyggingarsjóður EES
- ✓ 185 - Alþjóðleg friðargæsla

#### 5.2.1 110 - Sameinuðu þjóðirnar, UN

Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum árið 1946. Heimildin er úr ályktun Alþingis frá 25. júlí 1946. Í 17. gr. stofnsáttmála S.Þ. er kveðið á um að allsherjarþingið skuli samþykkja fjárhagsáætlun samtakanna og hvernig jafna eigi kostnaði við samtökin niður á einstök aðildarlönd. Staðfest var að almennt framlag Íslands til Sameinuðu þjóðanna var greitt í janúar 2016.

#### 5.2.2 115 - Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA

Alþingi fullgilti stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar 31. maí 1957. Samkvæmt samþykktum stofnunarinnar skal stjórn hennar (Board of Governors) leggja fram árlega fjárhagsáætlun fyrir ársfund. Stjórnin á að jafna niður útgjöldum meðal aðildarlanda samkvæmt ákvörðun ársfundar. Framlög vegna ársins 2016 voru greidd í janúar 2016.

#### 5.2.3 140 - Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD

Ísland var stofnaðili að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OECC) árið 1947 sem upphaflega var stofnuð til að fylgja eftir Marshall áætluninni. Því heiti var síðan breytt í núverandi nafn árið 1960. Hlutdeild Íslands fyrir árið 2016 var greidd í tveimur greiðslum í janúar og mars 2016.

#### 5.2.4 141 - Atlantshafsbandalagið, NATO

Framlög Íslands til NATO byggjast á aðild Íslands að bandalaginu. Aðild Íslands var samþykkt á Alþingi árið 1949 með þingsályktun. Árlega eru aðildarlöndum sendar tilkynningar um greiðslur. Áður hafa gögn sem sýna niðurrjöfnun framlags ásamt endurgreiðslum verið endurskoðuð. Framlöggin voru staðfest við endurskoðun.

#### 5.2.5 170 - Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA

Ísland gerðist aðili að EFTA 1. mars 1970. Aðildin byggist á ályktun Alþingis frá 19. desember 1969. Í stofnsamningi (staflíð c, 44. gr.) er kveðið á um að EFTA ráðið (The Council) skuli setja saman málsmeðferðarreglur um fjárhagsáætlun og hvernig fjármögnun hennar deilist niður á aðildarríkin. Framlag Íslands var greitt í fjórum hlutum vegna ársins 2016. Greitt var bæði til EFTA í Brussel og til EFTA í Genf.

#### 5.2.6 172 - EFTA-dómstóllinn

Heimild til að fullgilda samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (sem undirritaður var í Óportó í Portúgal hinn 2. maí 1992) var samþykkt með 2. tl. 1. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagsvæðið. Framangreint lagaákvæði tók gildi 13. janúar 1993.

Í 48. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstólsins kemur fram að fyrir 1. janúar ár hvert eigi EFTA-ríkin að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir dómstólinn og hvernig fjármögnun dómstólsins skuli skipt milli aðildarlandanna.

Ársfjórðungsleg framlög voru könnuð. Rekstrarafgangur vegna 2014 var endurgreiddur á árinu og færðist til lækkunar á framlagi ársins.

#### 5.2.7 173 - Uppbyggingarsjóður EES

Samningur við ESB um nýtt starfstímabil Uppbyggingarsjóðsins fyrir tímabilið 2014-2021 (framkvæmdatími til 2024) var undirritaður 3. maí 2016. Samningurinn kveður á um að heildarframlag EES/EFTA ríkjanna fyrir tímabilið verði 1.584,1 milljónir evra. Hlutur Íslands í fjármögnun sjóðsins er um 3%, hlutur Noregs er um 96% og Liechtenstein um 1%.

Framlög til Uppbyggingarsjóðs EES (áður Þróunarsjóður EFTA) námu um 509 m.kr. árið 2016. EFTA-ríkin fjármagna í gegnum sjóðinn ýmis umbótaverkefni og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem lakar standa í efnahagslegu tilliti. Framlög Íslands til sjóðsins byggjast á EES samningnum frá 1994. Sérstakur starfshópur Íslands og Noregs hefur farið í vettvangsferðir til einstakra landa til að kanna ráðstöfun styrkja. Í höfuðstöðvum sjóðsins (Financial Mechanism Office) í Brussel er innri endurskoðun.

Sjóðurinn innheimtir framlög eftir því sem verkefni hafa verið afgreidd. Kallað er eftir framlagi sem síðan er staðfest hjá utanríkisráðuneyti. Afgangur af framlagi sem ekki hefur verið notað er endurgreitt. Staðfest var að greidd framlög Íslands á árinu 2016 voru vegna framkvæmdatímabilsins 2009-2014. Endurgreiddar ónýttar styrkfjárhæðir á árinu námu samtals um 61,5 m.kr. vegna sama framkvæmdatímabils.



### 5.2.8 185 - Alþjóðleg friðargæsla

Ísland gerðist aðili að Sameinuðu Þjóðunum árið 1946. Hér er eingöngu er um er að ræða þátttöku aðildarríkja í að fjármagna hin ýmsu friðargæsluverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna. Því er hér eingöngu um tilfærslur að ræða.

Fjöldmörg verkefni tilheyra þessum lið. Greiðslurnar fara í gegnum fastanefnd Íslands hjá S.P. þar sem starfsmaður er umsjónarmaður verkefnisins fyrir hönd Íslands. Athugun fylgiskjala sýndi að bréf fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fylgdi með beiðni um greiðslu (yfirfærslu) Íslands til viðkomandi verkefnis. Hluti framlags vegna 2016 var greiddur árið 2017. Lotun kostnaðar var rétt.

## 5.3 Niðurstöður

Að öðru leyti en hér kemur fram eru ekki gerðar athugasemdir við könnun á fylgni.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Endurskoðun rekstrarkostnaðar byggðist á greiningaraðgerðum, fyrirspurnum, könnunum á hreyfingalista og skoðun fylgiskjala. Valdar færslur voru skoðaðar eins og fram kom í kafla 5 um fylgniendurskoðun. Lotun gjalda í árslok var könnuð án athugasemda.

Einnig kom fram hér að framan að frágangur og samþykki reikninga og greiðslubeiðna fylgir föstum verklagsreglum. Var það staðfest við endurskoðun.

Rekstrargjöldin eru svo til öll tilfærslur (framlög) til erlendra aðila (þ.e. alþjóðastofnana) á grundvelli samninga við erlend ríki að undanteknum eftirfarandi liðum:

- ✓ Framlag til innlendra aðila, þ.e. til Geislavarna ríkisins, var 5 m.kr. og er fært sem hluti af kostnaði Íslands vegna Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.
- ✓ Þjónustugjöld vegna erlendra flugvéla á Keflavíkurflugvelli í tengslum við ÖSE var um 916 þús.kr.

### 6.1 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun rekstrarliða var án athugasemda.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 559 m.kr., skuldir námu 48 m.kr. og eigið fé nam 511 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	558.746	538.896	19.850
<b>Eignir alls</b>	<b>558.746</b>	<b>538.896</b>	<b>19.850</b>
Eigið fé og skuldir:			
Eigið fé	510.575	502.331	8.244
Skammtímaskuldir	48.171	36.565	-10.896
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>558.746</b>	<b>538.896</b>	<b>19.850</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Ríkissjóður

Liðurinn er greiðslustaða við ríkissjóð í árslok.

### 7.2 Skuldir

#### 7.2.1 Skammtímaskuldir

Skuldir að fjárhæð 48,2 m.kr. í árslok voru ógreiddar tilfærslur til fimm alþjóðastofnana. Staðfest var við endurskoðun að skuldirnar voru allar endurgreiddar í janúar og febrúar árið 2017.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fjárlagaliðarins 03-401 Alþjóðastofnanir, sem er skýrsla í fjárhagskerfi ríkisins (Orra), var samþykktur af ráðuneytisstjóra og aðalbókara án fyrirvara þann 18. mars 2017.

### 8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra rekstrarskrifstofu þann 9. janúar 2018.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun dagsett 14. september 2017.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar fjárlagaliðarins 03-401 Alþjóðastofnanir var undirrituð af ríkisendurskoðanda og ráðuneytisstjóra þann 22. desember 2017.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil fjárlagaliðarins.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)